



Aðgerðabundin jafnréttisáætlun Nesskóla Neskaupstað

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri skulu setja sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. jafnréttisлага.

Jafnréttisáætlun þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 01. janúar 2022

Launajafnrétti - 19. grein

Markmið Hvað	Aðgerð Hvernig	Ábyrgðaraðili Hver	Tímarammi Hvenær
Að konur og karlar fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf	Farið er eftir kjarasamningum þegar starfsfólk er ráðið til stofnunarinnar.	Skólastjóri	
	Jafnlaunavottun Fjarðabyggðar	Bæjarritari	Febrúar 2019

Laus störf, starfspjálfun, endurmenntun og símenntun - 20. grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða.	Bæði kynin hvött til að sækja um störf sem í boði eru.	Skólastjóri	Alltaf
Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Sá hæfasti ráðinn hverju sinni. Komi tveir jafnhæfir umsækjendur til greina skal ráða það kyn sem hallar á innan skólans.	Skólastjóri	Alltaf



Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.	Starfsmenn skólans njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Þeir búa einnig við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum.	Skólastjóri	Alltaf
Efla kynjafræðipækkingu starfsfólks.	Fyrirlestrar/námskeið	Skólastjóri	Ávallt í skoðun en hefst skólaárið 2018 - 2019

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs - 21. grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfs-skyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðan-legra og brýnna fjölskylduaðstæðna.	Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir um framgang í starfi, endurmenntun, uppsögn og vinnuaðstæður. Starfsmenn skulu eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem kjarasamningar og aðstæður framast leyfa og standa konum og körlum jafnt til boða. Starfsmenn skulu upplýstir um lögvarinn rétt til fæðingar- og foreldraorlofs og fjarvista vegna veikinda barna. Haldin verði kynning á http://www.hidgullnajafnvaegi.is/	Skólastjóri og skrifstofa mannauðsmála hjá sveitarfélaginu. Heilsueflingar hópur.	Alltaf þegar við á. Vorönn 2019



Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni - 22. grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	Fræðsla til allra innan skólasamfélagsins. Starfsfólk kynni sér bækling sem Reykjavíkurborg gaf út um <i>klámvæðingu og kynferðislegt ofbeldi</i> . Slóðin er: https://reykjavik.is/utgefid-efni-mannrettindaskrifstofu Prentuð eintök liggi einnig frammi t.d. á kaffistofu. Skólastjóri kynnir fyrirlestur um MeToo og lögin. Útbúa þarf aðgerðaráætlun ef grunur er um kynbundið ofbeldi, kynbundið eða kynferðislegt áreiti á vinnustaðnum.	Skólastjóri og allir starfsmenn. Skólastjóri. Skólastjóri	Hverjum og einum ber að upplýsa þegar grunur leikur á áreitinu. Aðgerðaráætlun tilbúin fyrir vor 2019.



Skólum ber auk þess að uppfylla 22. gr. sömu laga (kynbundið ofbeldi, kynbundin - og kynferðisleg áreitni), 23. gr. jafnréttislaga (menntun og skólastarf) sem og 28. gr. (bann við mismunun í skólum og á uppeldisstofnunum) með tilliti til nemenda.

22. grein

Markmið Hvað	Aðgerð Hvernig	Ábyrgðaraðili	Tímarammi Hvenær
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	Gefa nemendum tækifæri á að ræða jafnrétti kynja og þjálfar orðaforða sem nýtist í umræðu um kynin. Yngstu nemendurnir sjá leikritið „Krakkarnir í hverfinu“. Á miðstigi er horft á myndina „Stattu með þér“. Unglingarnir horfa á myndina „Fáðu já“. Í stefnu skólans sé grein sem fjallar um kynbundið ofbeldi, kynbundið og kynferðislega áreitni, viðurlög kynnt. Stöðug fræðsla til nemenda og starfsfólk.	Skólastjóri og umsjónarkennarar Skólastjóri og námsráðgjafi. Skólastjóri, námsráðgjafi og umsjónarkennarar. Skólastjóri Skólastjóri, heilsueflandi starfshópur, umsjónarkennarar.	Alltaf í gangi. Helst á hverju ári. Ekki sjaldnar en annað hvert ár. Lokið fyrir maí 2019 Ávallt í gangi.

23. grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Í lögum um grunnskóla er sérstaklega kveðið á um að veita skuli	Í gegnum samfélagsfræði/ lífsleikni. Allir kennarar þurfa þó að velja námsefni sitt út	Skólastjóri og umsjónarkennarar.	Alltaf í gangi.



fræðslu um jafnréttismál meðal annars með því að búa nemendur undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi.	frá jafnréttis sjónarmiðuð eins og kemur fram í næstu grein. Gæta þarf að því að bæði kynin taki jafnan þátt í öllu skólastarfi þ.m.t. félagsstarfi.	Skólastjóri eða umsjónaraðili félagslífs.	Alltaf í gangi.
---	---	---	-----------------

23. grein

Markmið Hvað	Aðgerð Hvernig	Ábyrgðaraðili Hver	Tímarammi Hvenær
Að kennslu og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Kennarar skólans skoða og meta námsefni út frá jafnréttissjónarmiði. Haft skal að leiðarljósi að unnið sé með námsefni sem byggir á jafnréttishugmyndum. Allar námsgreinar tengjast beint eða óbeint jafnrétti. Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum.	Skólastjóri og kennarar	Ávallt í gangi.



23. grein

Markmið Hvað	Aðgerð Hvernig	Ábyrgðaraðili Hver	Tímarammi Hvenær
Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fá strákar og stelpur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	<p>Að störf sem kynnt eru séu kynnt á jafnréttisgrundvelli hvort sem um formlega eða óformlega fræðslu er að ræða.</p> <p>Nemendur fá kynningar frá ýmsum aðilum og í lífsleikni með áherslu á að brjóta upp staðalmyndir kynjanna sem ala á hugmyndum um hefðbundin karla- og kvennastörf.</p> <p>Sérstakt átak verði gert til að brjóta upp hugmyndir nemenda um kvenna- og karlastörf.</p>	<p>Skólastjóri, námsráðgjafi og kennarar.</p> <p>Námsráðgjafi og kennarar.</p> <p>Námsráðgjafi og kennarar.</p>	Ávallt í gangi.

23. grein

Markmið Hvað	Aðgerð Hvernig	Ábyrgðaraðili Hver	Tímarammi Hvenær
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólafinu.	Jafnréttis skal gætt þegar verkefnum er úthlutað.	Skólastjóri.	Haustið 2018.



28. grein

Markmið Hvað	Aðgerð Hvernig	Ábyrgðaraðili Hver	Tímarammi Hvenær
Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað og komið til móts við þá óháð t.d kynferði, kynhneigð, aldri, útliti, uppruna og trúarskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum allra nemenda í skólastarfinu.	Vinnustaðurinn okkar er fjölmenningslegur. Stöðug fræðsla, bæði meðal starfsfólks og nemenda. Starfsmannafundur nýttir fyrir starfsfólk, bekkjarfundir, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla fyrir nemendur.	Skólastjóri og allt annað starfsfólk skólans.	Ávallt í gangi

Annað, s.s. samstarf heimili og skóla.

Markmið Hvað	Aðgerð Hvernig	Ábyrgðaraðili Hver	Tímarammi Hvenær
Að mæður og feður og allir er að uppeldi nemandans koma taki jafnan þátt í skólastarfinu.	Starfsfólk verði meðvitað um mikilvægi þess að hafa samband við alla uppeldisaðila, ekki bara annað foreldrið. Hvetja til þess að báðir foreldrar mæti á foreldrafundi og taki þátt í foreldrasamstarfi.	Skólastjóri og starfsfólk skólans.	Ávallt í gangi